

HEIÐIN

Dómar og ummæli

... málið er það að Einar Þór Gunnlaugsson kemur dálítið öðruvísi að viðfangsefnum sínum en flestir aðrir íslenskir leikstjórar ... Þetta er rækilega úthugsuð og vönduð íslensk bíómynd, sem gerist á einum kostulegum kosningardegi og afmælisdegi, skyggning knýjandi efnis með kankvísa tóna. Þarna eru sannferðugar íslenskar manngerðir að kjósa og skemmta sér, en í leiðinni að glíma við grundvallarspurning um líf og dauða, lýðræði og ofbeldi, ást og hatur. Leikstjórinn skapar af fagmennsku andrúmsloft, tilfinningar og sögu, og heldur áfram að þroska móttökuskilyrði kvikmyndalistar í landinu, með ferskum vinnubrögðum, djörfung og efnir til raunverulegrar umhugsunar ... myndataka Sigurðar Sverris Pálssonar gefur myndinni vængi ... gaman að sjá íslenska bíómynd sem er í ákveðnu jafnvægi, það er viss naumhyggja þarna, þrátt fyrir allan fjölbreytileikann, og það er sterk tilfinning fyrir endurtekningunni og lífsryþmanum.

Frá Ólafi H. Torfasyni, kvikmyndagagnrýnanda Rásar 2, 13 mars 2008.

Heim í heiðardalinn ... Jóhann Sigurðarson heldur athygli manns hverja sekúndu sem hann er í sjónmáli. Það eru bara toppleikarar sem geta gert svona lagað ... Sá leikari sem kom mest á óvart var Ólafur S.K. Þorvaldz í hlutverki töffara og smábæjarvilidýrs.

Frá Jóni Viðari Jónsýni, leiklistargagnrýnda DV, 14 mars. 2008.

Lítill saga, skemmtileg mynd ... myndin verður bæði uppgjör feðga og furðu áhri-famikil mynd af fólkinu í sveitinni ... Og þá er komið að helsta kosti myndarinnar. Hvað persónurnar eru sannfærandi og skýrar – og hvað Einari Þór hefur tekist að galdra góða frammistöðu uppúr leikurum sínum ... ungur stúlkurnar Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir og Birna Hafstein eru ennfremur skemmtilega dregnar og leiknar ... Þetta er mynd sem lætur lítið yfir sér en er betri og sannari sneið af Íslandi en sumar þær hérlensku “stórmyndir” sem mest ber á. Og til þess að íslensk kvikmyndagerð geti blómstrað þurfa að verða til margar myndir eins og Heiðin - þar sem lítill rammíslensk saga er sögð á einlægan og skemmtilegan hátt, tilgerðarlausan en persónulegan.

Frá Illuga Jökulsyni, 24Stundir, 15 mars. 2008.

Sérstakur sjarmi ... hún (myndin) er laglega útfærð hugmynd sem virkar á mörgum sviðum sögunnar ... áherslan er lögð á léttan húmor í henni ... er Gísli Pétur brunapungur alla myndina en maður veit alltaf að hann er góður náungi ... Í þeim átökum nær handritshöfundur að lýsa tilfinningaflotta ákveðinnar kynslóðar nokkuð vel.

Frá Önnu Sveinbjarnadóttur, kvikmyndagagnrýnanda Morgunblaðsins, 16 mars. 2008